

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 14. maí 2019.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 17.40.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Karl Georg Klein, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson og Aðalsteinn Valdimarsson. Forföll: Viðar Halldórsson, Sveinn Sigurbergsson og Kristinn Arason.

Dagskrá:

1. Tillaga um skipan í embætti stjórnar ÍBH 2019-2021

Hrafnkell Marinósson var kjörinn formaður ÍBH til næstu tveggja ára. Samþykkt að Hörður Þorsteinsson frá Badmintonfélagi Hafnarfjarðar yrði varaformaður ÍBH, Ragnar Hilmarsson frá Siglingaklúbbnum Þyt yrði áfram gjaldkeri ÍBH og að Magnús Gunnarsson frá Knattspyrnufélaginu Haukum yrði ritari. Aðrir stjórnarmenn ÍBH eru, Sveinn Sigurbergsson frá Golfklúbbnum Keili, Kristinn Arason frá Fimleikafélaginu Björk, Viðar Halldórsson frá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Aðalsteinn Valdimarsson frá Brettafélagi Hafnarfjarðar og Karl Georg Klein frá Sundfélagi Hafnarfjarðar. Varamenn í stjórn ÍBH eru Þórarinn Sófússon frá Golfklúbbnum Setbergi og Atli Már Sigurðsson frá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar.

2. Tillaga um skipan í stjórn Afrekssjóðs ÍBH áður Afreksmannasjóðs ÍBH 2019-2021

Fyrst ber að upplýsa að 51. þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar haldið 11. maí 2019 samþykkti að breyta nafni sjóðsins úr Afreksmannasjóð ÍBH í Afrekssjóð ÍBH. Samþykkt að Hörður Þorsteinsson yrði formaður stjórnar sjóðsins, Ragnar Hilmarsson gjaldkeri og Samúel Guðmundsson frá Knattspyrnufélaginu Haukum ritari.

3. Tillaga um skipan í nefndir ÍBH 2019-2021

Samþykkt að skipa eftirfarandi nefndir innan stjórnar ÍBH og stjórnarmenn í þær.

Nefnd um íþróttakynningar

Hrafnkell Marinósson
Aðalsteinn Valdimarsson
Ragnar Hilmarsson

Nefnd um hreyfihjálfun aldraðra

Viðar Halldórsson
Sveinn Sigurbergsson

Nefnd um fjármögnun íþróttafélaga

Ragnar Hilmarsson
Hörður Þorsteinsson
Viðar Halldórsson
Magnús Gunnarsson

Nefnd um viðbragðsteymi íþróttafélaga í Hafnarfirði

Magnús Gunnarsson

Karl Georg Klein

Nefnd um sögu ÍBH

Hörður Þorsteinsson

Kristinn Arason

4. Önnur mál

a). Minnt á úthlutun íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára, fyrri úthlutun 2019 sem fer fram þriðjudaginn 4. júní nk. kl. 15.00 í Straumsvík.

b). Samþykkt að fundartími stjórnar ÍBH frá hausti 2019 sé að jafnaði fyrsti miðvikudagur í mánuði kl. 17.00.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.